

TRÚNAÐARRÁÐ EFLINGAR

FRÉTTABRÉF

Fundur Trúnaðarráðs 8. apríl: Stefán Ólafsson um “heimsmetið í skerðingum”

Næsti fundur trúnaðarráðs verður 8. apríl klukkan 19:30 á Zoom. Þar mun Stefán Ólafsson, sérfræðingur hjá Eflingu, flytja erindi undir heitinu “heimsmetið í skerðingum” sem fjallar um lífeyris- og almannatryggingakerfið. Málið er stórt hagsmunamál fyrir Eflingarfélagi.

Eflingarfélögum 55 ára og eldri er boðið á fundinn sem sérstakir gestir.

Skráning hér



Ársfundur Gildis 2021

Ársfundur Gildis-lífeyrissjóðs verður haldinn fimmtudaginn 15. apríl klukkan 17:00, væntanlega að fullu rafrænt. Á ársfundinum kjósum við stjórn sjóðsins og tökum afstöðu til lagabreytinga. Allir félagsmenn eru hvattir til að mæta, sérstaklega trúnaðarráðsfélagar!

Fundarboð hér

Aðalfundur Eflingar – 6. maí 2021

Aðalfundur Eflingar verður haldinn 6. maí 2021. Í tengslum við hann kemur út ársskýrsla Eflingar á íslensku og ensku þar sem fjallað er um störf félagsins síðasta árið og ársreikningur lagður fram. Allir félagsmenn, og sérstaklega trúnaðarráðsfélagar, eru hvattir til að mæta á fundinn sem markar tímamót undir lok hvers starfsárs.





Varaformaður Eflingar um erlent verkafólk í atvinnuleit


Agnieszka Ewa Piotrowska, varaformaður Eflingar tjáði sig á visir.is um stöðu verkafólks af erlendum uppruna eftir viðtal við Kára Stefánsson í Kastljósi þar sem hann hélt því fram að atvinnulaust fólk af erlendum uppruna bæri ábyrgð á fjölgun covid-19 tilfella á Íslandi. Hún benti á erfiða fjárhaglega og félagslega stöðu atvinnulausra af erlendum uppruna og ástæður þess að þau þurfa að fara erlendis. **Lestu greinina hér.**

Vefsvæði Trúnaðarráðs

Opnað hefur verið einfalt vefsvæði á heimasíðu Eflingar þar sem ætlunin er að halda utan um helstu upplýsingar fyrir trúnaðarráðsfélaga um störf ráðsins. Þar verður m.a. hægt að sjá dagsetningar komandi funda, fundargögn yfirstaðinna funda, lista yfir trúnaðarráðsfélaga og fleiri gögn sem tengjast störfum ráðsins. Síðan er í vinnslu og verður uppfærð reglulega. **Skóðið hér**

Svona seturðu upp Eflingar-bakgrunnsmynd!

Á lendingarsíðu Trúnaðarráðs eru komnar einfaldar leiðbeiningar um hvernig á að setja upp Eflingar-bakgrunnsmyndina í Zoom, með nafni og vinnustað. **Smelltu hér.**



Páskakveðja til trúnaðarráðs Eflingar

Við óskum þér góðra stunda, friðar og ró með ástvinum í páskaegginu þínu. Við vonum að þú hafir um páskahátíðina tækifæri til að hvílast og safna kröftum til að takast á við áframhaldandi baráttu verkafólks.

Gleðilega páska!